

boðsmaður hans, skv. 13. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt því, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

## 55. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

## 56. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Stykkishólmskaupþún nr. 72/1965 og reglugerð um breytingu á henni nr. 91/1969.

*Samgönguráðuneytið, 10. júní 1970.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

## REGLUR

**um greiðslu bóta vegna tjóna af völdum óþekktra og óvátryggðra ökutækja.**

Hinn 21. febrúar 1969 undirrituðu váttryggingafélög þau, sem þá höfðu með höndum lögboðnar ábyrgðartryggingar ökutækja samkvæmt 70. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, samkomulag um greiðslu bóta vegna tjóna af völdum óþekktra og óvátryggðra ökutækja, og gildir samkomulagið frá og með 1. janúar 1969.

Samkomulag þetta var svo hljóðandi:

## 1. gr.

Félögin skuldbinda sig til að greiða óskipt (in solidum) skaðabætur samkvæmt skaðabótareglum umferðarlaga og ríkjandi réttarvenjum á hverjum tíma, þó með þeim takmörkunum, sem um getur í grein þessari, þegar um er að ræða:

1. Slys á mönnum, sem hlotizt hefur af notkun skráningarskylds, vélknúins ökutækis, ef það hefur ekki verið upplýst innan 6 mánaða frá því að slysið varð, hvaða ökutæki slysinu hefur valdið.
  - a) Endurkröfur af hálfu þriðja aðila bætast ekki.
  - b) Bætur verða því aðeins greiddar, að telja megi sannað, að óþekkt, skráningarskyld, vélknúðið ökutæki hafi valdið slysinu.
  - c) Hámark bóta vegna sama slyssatburðar miðast við lágmarkstryggingarupphæð bifreiða á hverjum tíma (þá kr. 2 000.000.00). Nú reynast bætur vegna sama slyssatburðar hærri samtals og skal þá skipta fjárhæðinni að tiltölu milli þeirra, sem fyrir slysi hafa orðið.

Upplýsist síðar, hvaða ökutæki hefur valdið slysinu, öðlast félögin endurkröfu-rétt á hendur því tryggingafélagi, er hafði ökutækið í lögboðinni ábyrgðartryggingu, að svo miklu leyti sem þau hafa greitt tjónþola bætur.

2. Tjón á mönnum og munum, sem valdið er af þekktu skráningarskyldu, vélknúnu ökutæki, sem er í notkun, en ekki hefur lögboðna ábyrgðartryggingu samkvæmt 70. gr. umferðarlaganna, er tjónið varð.

- a) Bætur greiðast ekki, ef mistök í starfi eða vanræksla opinberra starfsmanna svo og starfsmanna tryggingafélags þess, er ökutækið tryggði síðast, hafa orðið þess valdandi, að lögboðin ábyrgðartrygging ökutækisins féll niður.
- b) Bætur greiðast ekki fyrir tjón, sem valdið er af ökutæki, sem tryggt er hjá félagi, sem leitað hefur nauðasamninga eða tekið hefur verið til gjaldþrotaskipta.
- c) Bætur greiðast ekki vegna slyss á mönnum, sem fluttir voru með hinu ótryggða ökutæki og ætla má, að hafi vitað eða mátt vita, að ökutækið var ótryggt. Sama gildir um tjón á munum, sem fluttir eru með ótryggðu ökutæki og ætla má, að sendandi eða eigandi munanna hafi vitað eða mátt vita, að ökutækið var ótryggt.
- d) Bætur greiðast aðeins að því marki, sem tjónið fæst ekki bætt hjá þeim, sem ábyrgð bera á því.
- e) Hámark bóta vegna sama tjónsatburðar miðast við þá lágmarkstryggingarupphæð, er skylt var að hafa fyrir ökutækið, er slysið varð, þó aldrei hærri upphæð en lágmarkstryggingarupphæð bifreiða (þá kr. 2 000 000.00). Nú reynast bætur vegna sama tjónsatburðar hærri samtals og skal þá skipta fjárhæðinni að tiltölu milli þeirra, sem fyrir tjóni hafa orðið.

#### 2. gr.

Stjórn Sambands íslenskra tryggingafélaga, hér eftir skammstafað S.Í.T., hefur fullt og ótakmarkað umboð til þess að annast uppgjör tilkynntra tjóna samkvæmt samkomulagi þessu og skipa gerðarmann í gerðardóm samkvæmt 3. grein samkomulags þessa.

#### 3. gr.

Náist ekki samkomulag við tjónþola um bótaskyldu og bótafjárhæð, skal leggja málið í gerð þriggja manna. Skal einn tilnefndur af S.Í.T., annar af tjónþola og sá þriðji af yfirborgardómaranum í Reykjavík og skal sá vera formaður dómsins. Tilnefni S.Í.T. eða tjónþoli eigi gerðarmann, skal yfirborgardómari tilnefna gerðarmann í stað þeirra.

Ákvörðun gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila og greiðist kostnaðurinn af félögum.

#### 4. gr.

Tjónbætur og kostnaður skiptist milli félaganna í beinu hlutfalli við nettó iðgjaldatekjur þeirra af ábyrgðartryggingum ökutækja næsta almanaksárs fyrir tjónsatburðinn, samkvæmt reikningum félaganna eins og þeir eru birtir í Lögbirtingablaðinu.

Bætur og kostnaður telst til útgjalda félaganna vegna lögboðinna ábyrgðartrygginga skráningarskyldra ökutækja.

Samkomulag það, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, staðfestist hér með.

Jafnframt hefur ráðuneytið ákveðið, að þátttaka í samkomulagi þessu skuli framvegis vera skilyrði fyrir viðurkenningu þess á váttryggingafélögum til að hafa með höndum váttryggingar skráðra, vélknúinna ökutækja samkvæmt 70. gr. umferðarlaga.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 79. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 16. júní 1970.*

**Jóhann Hafstein.**

*Ólafur W. Stefánsson.*